

Rannsóknir á göngu og legustöðum laxa í Ytri-Rangá með útvarpsmerkingum

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson

Selfossi, nóvember 2004, VMST-S/04008

Unnið fyrir veiðifélag Ytri-Rangár

Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, s: 480-1840, 480-1841, Bréfas. 480-1818

Veffang: www.veidimal.is; Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is;
binni@veidimal.is; magnus.johannsson@veidimal.is

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur.....	2
Aðferðir	2
Niðurstöður.....	3
Laxar ofan Árbæjarfoss.....	4
Laxar neðan Árbæjarfoss.	5
Endurheimtur merktra laxa.	6
Umræða	13
Þakkir.....	16
Heimildir.....	16
Ljósmyndir.....	17

Ágrip

Á undanförunum árum hefur miklu magni laxagönguseiða verið sleppt í Ytri-Rangá. Árangurinn af sleppingunum er sá að þar er nú stunduð öflug stangveiði. Tveir fiskstigar, í Ægisíðufossi og Árbæjarfossi gera laxi mögulegt að ganga á svæðin ofan fossanna. Hingað til hefur meginhluti stangveiðanna farið fram neðan við Árbæjarfoss, en ofan hans eru engu að síður $\frac{3}{4}$ hlutar fiskgengra svæða í ánni. Eitt af markmiðum veiðifélags Ytri-Rangár er að virkja svæðin ofan Árbæjarfoss sem stangveiðisvæði og með það að markmiði hefur allnokkru magni af gönguseiðium verið sleppt ofan fossins. Gögn úr fiskteljara, sem staðsettur er í Árbæjarfossi, benda til þess að lax skili sér í allnokkrum mæli úr þessum sleppingum en veiðiálag er hins vegar lágt ofan fossins. Til þess að kynnast betur göngu þeirra laxa sem erindi eiga upp fyrir Árbæjarfoss, voru 20 laxar merktir með útvarpsmerkjum sumarið 2004 og greinir skýrslan frá niðurstöðum þess verkefnis. Merkin gera það mögulegt að staðsetja laxana með allnokkurri nákvæmni. Laxanna var leitað í sex skipti úr flugvél og tvisvar sinnum af vatnsbakkanum. Niðurstöður merkinganna gefa til kynna að laxinn nýti einungis hluta svæðanna ofan við Árbæjarfoss og að oft liggi laxinn á sömu stöðum. Allnokkur hreyfing var á löxunum milli leitardaga og alls voru gerðar 39 staðarákvarðanir ofan við fossinn. Nokkrir athyglisverðir legustaðir voru greindir í rannsókninni, en algengt var að þeir lögju neðan við sleppitjarnir þær sem notaðar voru árið áður í gönguseiðasleppingum. Algengast var að finna merкта laxa, neðan við efstu sleppitjörnina, hjá Höfðalæk. Í lok skýrslunnar eru gerðar tillögur um uppbyggingu vatnasvæðisins ofan Árbæjarfoss sem veiðisvæði, með niðurstöður merkingarverkefnisins að leiðarljósi.

Inngangur

Í Rangárnar hefur á undanförunum árum hefur verið sleppt miklu magni laxagönguseiða. Þær hafa skilað þeim árangri að þar er nú stunduð öflug stangveiði á laxi, en fyrir voru Rangárnar silungsveiðiár. Ytri-Rangá er 60 km löng lindá. Hún á upptök sín í Rangárbotnum undir Næfurholtsfjöllum norðan við Heklu. Víðast er botn fremur finn og óvíða er að finna grófgrýtt svæði sem henta vel til uppeldis laxaseiða, sem ásamt fremur lágum vatnshita (einkum efst) skýrir laxleysi ána. Nokkrir fossar eru í Ytri-Rangá. Árbæjarfoss, sem er um 24 km frá sjó, er veruleg hindrun fyrir göngufisk. Ægissíðufoss er um 7 km neðan við Árbæjarfoss. Árið 1982 var byggður fiskstigi í Ægissíðufoss og árið 1985 var byggður stigi í Árbæjarfoss. Hann var lengdur sumarið 2002. Ofan Árbæjarfoss er fiskför greið a.m.k. að Fossabrekkum sem eru um 45 km leið. Teljarar eru í báðum stigunum. Teljarinn í Árbæjarfossi hefur sýnt að mikil fiskgengd er upp stigann en veiði ofan hans er hins vegar ekki í neinu samræmi við fiskgengdina. Sem dæmi gengu 961 lax upp stigann við Árbæjarfoss árið 2001, veiði fyrir ofan var hins vegar aðeins 60 laxar. Nú er veiði á laxi nær eingöngu stunduð á um 24 km neðan við Árbæjarfoss. Mikill akkur væri í því ef virkja mætti allt svæðið ofan við foss til stangveiða á laxi. Ekki er þó víst að skynsamlegt sé eða unnt að nýta það allt en ljóst er að neðri hluti þess ætti að geta hentað vel til laxveiða. Allnokkru magni gönguseiða hefur verið sleppt á svæðið og samkvæmt merkingum hafa þær skilað árangri enda sést það glögg á tölum um laxgengd upp stigann. Ef svæðið ofan fossa nýttist betur til stangveiða myndu leigutekjur af ánni stórukast.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna göngur laxa með útvarpsmerkingum og finna legustaði þeirra ofan við Árbæjarfoss, með það að markmiði að finna veiðistaði á svæðinu ofan við fossinn. Ekki hefur áður verið fylgst með göngu laxa upp Ytri-Rangá með þessum hætti, en sambærilegar rannsóknir hafa farið fram í Ölfusá-Hvítá og í Þjórsá (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2002, Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson 2003, Magnús Jóhannsson ofl. 2004).

Aðferðir

Laxa til merkinga var aflað í stiganum við Árbæjarfoss. Vatn var tekið af stiganum og fiskur sem sat eftir í stigahólfum var háfaður upp. Aðferð við festingu útvarpsmerkis á lax hefur verið lýst (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2002). Þann 19. júlí voru merktir fjórir laxar og 16 þann 30. júlí, samtals 20 laxar. Í fyrri merkingunni hafði löxum verið safnað saman í kistu ofan við stigann, af starfsmönnum veiðifélagsins

þeir merktir þar og sleppt á staðnum. Í seinni merkingunni voru laxarnir merktir í þremur efstu hólfum stigans, og þeim sleppt aftur í sömu hólfin að aflokinni merkingu og vatni hleypt á stigann og hann opnaður. Allir laxarnir voru lengdarmældir við merkingu og hluti þeirra kyngreindur. Einn lax sem gekk niður fossinn eftir merkingu og var síðar veiddur á stöng var fluttur upp fyrir foss. Útvarpsmerki voru fest í bak laxanna. Þau senda frá sér útvarpsbylgjur á mismunandi tíðni, sem gerir leitarmanni kleift að staðsetja þá. Hvert merki hafði sína einstöku tíðni á tíðnisviðinu 150.224 – 151.694 MHz. Merkin voru frá ATS (Advanced Telemetry Systems), af gerðinni F2120, sem vega 16,5 g í lofti. Merkin ganga fyrir rafhlöðu og er endingartími útvarpssendinganna a.m.k.172 dagar. Laxanna var leitað úr flugvél í 6 skipti, á tímabilinu 3. ágúst - 9. nóvember 2004. Leitin fór þannig fram að flogið var upp eftir ánni og staðsetning einstakra fiska fundin og skráð af leitarmanni. Ef einhver hinna merktu fiska fannst ekki í fyrstu yfirferð var leitað aftur niður eftir ánni. Góð reynsla hefur fengist af þessari aðferð við leit útvarpsmerktra laxfiska í Ölfusá-Hvítá og Þjórsá. Eftir tvö fyrstu leitarflugin var einnig gengið með vatnsbakkanum, á hluta leitarsvæðisins, til þess að ná fram nákvæmari staðsetningu. Eftir hvert leitarflug var kort útbúið af leitarsvæðinu, þar sem dregin hafði verið upp staðsetning hvers og eins merktu laxanna og því skilað til starfsmanns veiðifélagsins. Við úrvinnslu gagnanna var vatnasvæðinu ofan við Árbæjarfoss skipt upp í átta svæði (nr 7 – 14), þar sem hvert þeirra fékk númer í framhaldi af viðtekinni veiðisvæðaskiptingu neðan fossins. Meðallengd þessara „nýju“ svæða nr. 7 – 13 mældist 3,8 km (tafla 1), en efsta svæðið nr. 14, var ekki mælt, en það nær yfir alla ána ofan Höfðalækjar efri að upptökum Ytri-Rangár. Nánar má sjá svæðaskiptinguna á myndum 1 og 4.

Tafla 1. Leitarsvæðaskipting í Ytri Rangár ofan við Árbæjarfoss.

Svæði nr.	neðri mörk	efri mörk	km farvegur
7	Árbæjarfoss	Grákollustaðir	3,7
8	Grákollustaðir	Ytri- og Eystri-Ey	2,1
9	Ytri- og Eystri-Ey	Víkingslækur	3,0
10	Víkingslækur	Höfðalækur-neðri	5,8
11	Höfðalækur-neðri	Hólmar	4,1
12	Hólmar	Réttarnes	4,1
13	Réttarnes	Höfðalækur-efri (Litlilækur)	4,1
14	Höfðalækur-efri (Litlilækur)	að upptökum	-
meðallengd:			3,8

Niðurstöður

Átta (40%) merktir laxar héldu áfram göngu sinni á svæðin ofan við Árbæjarfoss. Aðrir laxar gengu niður eftir sleppingu og voru dreifðir á svæðinu milli Árbæjarbreiðu og niður í Djúpós. Flugleit var árangursrík og tókst í fimm skipti, sem

leitað var á öllu svæðinu, að staðsetja alla laxa nema einn (0224). Við sjöttu og síðustu flugleitina, þann 9. nóvember, var einungis leitað ofan Árbæjarfoss og laxar sem þá voru neðar því ekki staðsettir. Niðurstöður hvernar flugleitar fyrir sig má sjá á myndum 1 – 6.

Laxar ofan Árbæjarfoss.

Strax í fyrstu flugferðinni þann 3. ágúst fundust sex merktir laxar ofan við Árbæjarfossinn (mynd 1) en aðrir (14) voru í ánni neðan við fossinn (sjá síðar). Þrír laxanna (nr. 0343, nr. 0464 og nr. 0404) voru gengnir á svæði 9, allt að 8,7 km ofan merkingarstaðarins. Tveir þessara laxa voru merktir þann 30. júlí, m.a. sá sem lengst hafði gengið. Einn lax (nr. 0302) fannst á svæði 8, í Grjótneshyl. Tveir laxar fundust á svæði 7, annar (nr. 0563) neðan sleppitjarnarinnar ofan Guttlfossbreiðu og hinn (nr. 603) rétt ofan Árbæjarfossins.

Þann 11. ágúst var næst flogið (mynd 1) yfir leitarsvæðið og hafði þá einn lax bæst í hóp þeirra sem gengið höfðu á efri svæðin, en það var lax nr. 0383. Einungis einn laxanna hélt sömu staðsetningu og í fyrsta fluginu (nr. 0603). Aðrir höfðu ýmist hækkað sig eða lækkað en einn skar sig úr, lax nr. 302, sem verið hafði í Grjótneshyl þann 3. ágúst, hafði hækkað sig um 19 km og fannst ofan Réttarness (mynd 5).

Í þriðja leitarfluginu, sem framkvæmt var 17. ágúst (mynd 2) fundust einungis fimm laxar á efri svæðunum, en tveir laxar höfðu gengið niður fyrir Árbæjarfoss, það voru laxar nr. 0383 sem fannst við Heiðarbrún og nr. 0603, sem fannst rétt ofan Hellu. Þrír laxar fundust undan Flatatanga, við býlið Kaldbak, einn við mynni Selgils og sá síðasti ofan Guttlfossbreiðu.

Fjórða flugleitin var framkvæmd 2. september (mynd 2), en þá fundust sex laxar á efri svæðunum. Laxarnir sem fundist höfðu við Kaldbak voru enn á svipaðri slóð. Lax nr. 0545, sem veiðst hafði á Rangárflúðum þann 24. ágúst og fluttur upp á efri svæði samdægurs (sleppt neðan Guttlfoss-sleppitjarnar), hafði hækkað sig og fannst undan Breiðabakka ofan Ytri-eyjar og Eystri-eyjar. Lax nr. 0404 var á svipaðri slóð á Guttlfossbreiðu, en laxinn (nr. 0464) sem fundist hafði við mynni Selgils þann 17. ágúst hafði lækkað sig verulega og fannst neðan við Guttlfoss. Lax nr. 0383 hafði aftur gengið upp fyrir Árbæjarfoss, fannst að þessu sinni rétt ofan fossins.

Þann 23. september (mynd 3) var flogið fimmta sinni og fundust þá átta laxar á efri svæðunum, hafði þá einn bæst við, nr. 0264 sem fannst að þessu sinni ofan Biskupstanga, neðan Kaldbaks. Þeir efstu voru enn staddir við Kaldbak, þeir sömu og

áður. Lax nr. 0545 hafði hækkað sig lítið eitt, fannst neðan Heiðarvaðs, lax nr. 0464 hafði hækkað sig að nýju, fannst neðan Ytri- og Eystri-eyjar. Lax nr. 0404, sem fundist hafði ofan við Guttlfossbreiðu virtist lagður af stað upp á við og fannst að þessu sinni við Grákollustaði. Lax nr. 0383 var enn á sama stað, rétt ofan Árbæjarfossins.

Þann 9. nóvember var leitað úr lofti í sjötta skiptið, að þessu sinni var aðaláherslan lögð á að fljúga yfir vatnasvæðið ofan Árbæjarfoss og fiska neðan hans ekki leitað sérstaklega (mynd 3). Lax nr. 0302 hafði gengið upp á svæði nr. 12 (mynd 5), eða í námunda við þann stað sem hann fannst á í flugi 11. ágúst. Lax nr. 0404 fannst að þessu sinni rétt ofan Kaldbaks, í námunda við sleppitjörnina í ósi Höfðalækjar. Laxar nr. 0545 og nr. 0563 fundust ofan Biskupstanga (mynd 3) og nr. 0264 hafði lækkað sig og fannst á svæði nr. 9, við Breiðabakka. Lax nr. 0343 var enn staðsettur undan Flatatanga. Lax nr. 0464, sem viðvarandi hafði verið á efri svæðunum, fannst ekki í þessu flugi.

Ef niðurstöður úr sex flugferðum eru teknar saman (mynd 4) þá sést að algengast var að laxarnir fyndust á svæði nr. 10, en af alls 39 skráðum staðarákvörðunum á vatnasvæðinu ofan Árbæjarfoss, voru 15 (38,5%) á því svæði. Næst algengast var að finna laxa á svæði nr. sjö, en þar voru 10 (25,6%) staðarákvarðanir skráðar, 7 (17,9%) á svæði nr níu, 4 (10,3%) á svæði nr átta og loks ein staðarákvörðun á hverju svæðanna nr ellefu, tólf og þrettán. Athygli vekur að aldrei fannst lax á efsta svæðinu, nr fjórtán.

Laxar neðan Árbæjarfoss.

Þeir laxar sem ekki héldu áfram göngu sinni upp Árbæjarfoss fundust flestir á svæðinu á milli Árbæjarfoss og Ægissíðufoss. Algengast var að þeir fyndu sér legustað á Rangárflúðum (mynd 6). Einnig var algengt að finna laxa á svæðinu milli Hellu og Heiðarbrúnar. Laxar voru einnig staðsettir í Brúarhyl, ofan Þjóðvegur og í Árbæjarbreiðu. Sem dæmi var staðsetning lax nr. 0525 ákvörðuð við leitarflug þann 2. september fyrir miðju Helluþorpi. Síðar sama dag endurheimtist hann í stangveiði í Brúarhyl á svæði nr. 5 (veiðivörður, munnl. uppl.). Tveir laxar gengu alla leið niður í Djúpós, annar (lax nr. 0224) fannst þar á tímabilinu 3. ágúst – 17. ágúst, en virtist síðar ganga af stað upp Ytri-Rangá, en hann fannst neðarlega á svæði nr. 2 í flugleit 2.

september, en varð ekki staðsettur í síðustu tveimur flugferðunum. Hinn laxinn (nr. 0444) endurheimtist í Djúpósi í stangveiði þann 7. september. Sá lax hafði fundist við Stallmýrarfljót (svæði nr. 5) þann 17. ágúst og 2. september.


Tvisvar sinnum var handleitað á leitarsvæðinu. Í fyrra skiptið, þann 23. júlí var leitað að fjórum löxum sem merktir höfðu verið fjórum dögum áður. Fundust þeir allir neðan Árbæjarfossins. Sá sem neðstur fannst lá neðan Ægisíðufoss (nr.0362), einn fannst á móts við Heiðarbrún (nr.0444) og tveir lágu á Árbæjarbreiðu (nr. 0464 og 0603). Í seinna skiptið var handleitað í kjölfar flugleitar þann 3. ágúst. Í það skiptið höfðu orðið litlar breytingar á staðsetningu hinna merktu frá flugleitinni.

Endurheimtur merktra laxa.


Átta laxar (40%) endurheimtust í stangveiði á tímabilinu 21. ágúst - 7. september, 22 – 50 dögum eftir merkingu. Allir veiddust laxarnir í Ytri-Rangá á veiðisvæðum neðan við Ábæjarfoss. Einn útvarpsmerktur lax var stangveiddur á veiðisvæði nr. 1, þrír á svæði nr. 3 og tveir laxar á hvoru svæðanna nr. 4 og 5 (tafla 2 og mynd 6 með skiptingu svæða). Ef eingöngu eru teknir með laxar sem fóru aftur niður fossinn var veiðihlutfallið 57 % (8/14). Til viðbótar varð einn lax (nr. 0383) endurheimtur af starfsmanni veiðifélagsins við klakfiskatöku í stiganum við Árbæjarfoss þann 27. september, en merkið var tekið af laxinum og honum sleppt. Eftir stangveiði voru allir merktir laxar úr leik, utan eins (nr. 0545) sem veiddist á svæði nr. 4, en hann var settur í kistu og fluttur upp fyrir Árbæjarfoss síðdegis þann 24. ágúst og sleppt neðan við Guttlfoss-sleppitjörn. Tveir endurheimtu laxanna voru merktir þann 19. júlí, en hinir þann 30. júlí.

Tafla 2. Merktir laxar sem endurheimtust við stangveiði. Fram koma dagsetning endurheimtu, ásamt upplýsingum um veiðistaði og veiðisvæði.


Nr.	Merking	Lengd	Kyn	Stangveiddur		
	dags	cm		dags	staður	svæði nr.
0444	19.júl	56		7.sept	Djúpós	1
0362	19.júl	61		21.ágúst	Rangárflúðir	4
0525	30.júl	55		2.sept	Brúarhylur	5
0584	30.júl	61	1	?	Neðra Horn	3
0503	30.júl	56	2	24.ágúst	Svartistokkur	3
0545	30.júl	63	1	24.ágúst	Rangárflúðir	4
0242	30.júl	67	1	24.ágúst	Kerið	3
1694	30.júl	63	1	21.ágúst	ofan Hellu	5




Mynd 1. Staðarákvörðun merktra fiska, sem fundust á svæðum nr. 7 – 11 ofan við Árbæjarfoss, við flugleit dagana 3. og 11. ágúst 2004. Fram koma númer fiskanna. Myndin sýnir einnig gröf af gönguferlum laxa, þar sem vegalengd frá merkingarstað er sýnd á lóðréttum ás og rannsóknartímabilið á láréttum ás. Staðsetning sleppitjarna árið 2003 er sýnd sem gulir ferhyrningar.




Mynd 3. Staðarákvörðun merktra fiska, sem fundust á svæðum nr. 7 – 11, við flugleit dagana 23. september og 9. nóvember 2004. Myndin sýnir einnig gröf af gönguferlum tveggja fiska, þar sem vegalengd (km) frá merkingarstað er sýnd á lóðréttum ás og rannsóknartímabilið á láréttum ás.



Mynd 4. Allar staðarárkvörðanir á svæðum 7 – 11, fengnar úr alls sex flugferðum, á tímabilinu 3. ágúst – 9. nóvember 2004. Staðsetning sleppitjarna árið 2003 er sýnd sem gulir ferhyrningar.



Mynd 5. Allar staðarákvarðanir merktra laxa á svæðum 12 – 14.




Umræða

Vatnasvæði Ytri-Rangár ofan Árbæjarfoss spannar langan veg um fiskgeng svæði. Farvegurinn milli Árbæjarfossins og upp að Fossabrekkum, þangað sem lengst er fiskgengt, er um 45 km. Til samanburðar er farvegurinn frá Djúpósi við Ártún að Árbæjarfossi 14,1 km. Svæðið ofan Árbæjarfoss spannar því $\frac{3}{4}$ af fiskgengum hluta Ytri-Rangár. Nær allar tekjur af veiðileyfasölu verða nú til á $\frac{1}{4}$ fiskgenga hlutans, þ.e. neðan við fossinn. Þegar niðurstöður þessarar rannsóknar eru skoðaðar kemur í ljós að laxarnir sem tóku þátt í tilrauninni voru einungis að nýta lítinn hluta efri svæðanna. Standa þrjú svæði uppúr í því sambandi, svæði nr 10, 9 og 7. Á þessum svæðum voru skráðar rúmar 82% allra staðarákvarðana (fjöldi/heild) sem framkvæmdar voru ofan við Árbæjarfoss. Nokkrir athyglisverðir legustaðir voru greindir í rannsókninni, en algengt var að laxar lægju neðan við sleppitjarnir sem notaðar voru árið áður í gönguseiðasleppingum. Algengast var að finna merкта laxa, smálaxa og einn stórlax (nr. 0343), neðan við Höfðalækjartjörnina, en 15 staðarákvarðanir voru framkvæmdar neðan við og í námunda við þá sleppitjörn, þar sem sex laxar af þeim átta sem gengu upp fyrir komu við sögu. Á síðasta ári var sleppt um 20 þús. gönguseiðum í þá tjörn og ef fara á eftir niðurstöðum þessarar rannsóknar virðist hún hafa skilað hvað bestum heimtum af tjörnunum á efri svæðum. Það sakar ekki að áin neðan tjarnarinnar virðist hafa alla kosti góðs legustaðar fyrir lax og er þar að öllum líkindum um góðan veiðistað að ræða. Heimtur merkja í Rangánum sýna að lax veiðist helst í námunda við sleppistað (Magnús Jóhannsson ofl. 1996). Breiðibakki (svæði nr. 9) liggur á milli Heiðar og Geldingalækjar (mynd 4), þar var nokkuð um að merktir laxar stoppuðu á göngu sinni. Þarna hefur ekki verið veitt til skamms tíma, en um er að ræða þekktan urriðaveiðistað (Þorgils Torfi Jónsson, munnl. heimild). Þarna er aðgengi ábótavant fyrir veiðimenn og er það líklegast skýringin á því að lítið hefur verið veitt þar. Neðan við eyjarnar Ytri-Ey og Eystri-Ey (svæði nr. 8) voru allnokkur dæmi um að merktir laxar lægju, allt niður fyrir flúðina Hávaða, að Grjótneshyl. Á því svæði var hins vegar ekki sleppitjörn árið 2003. Nokkuð var um að merktir laxar fundust á svæði nr. 7, þá sérstaklega neðan sleppitjarnar frá 2003 í nágrenni Geldingalækjaróss, en einnig fundust tveir merktir laxar (mynd 4) ítrekað rétt ofan við Árbæjarfoss, undan Mælabeiðu. Athygli vekur að enginn laxanna var staðsettur á þekktum veiðistað,

Gutlfossbreiðu. Svæði nr. 7 er aðgengilegt veiðimönnum, sérstaklega frá eystri bakkanum, þar sem vegslóði liggur nálægt vatnsbakkanum. Af þeim sex löxum sem fundust ofan Árbæjarfoss í fyrsta leitarfluginu fundust einungis tveir á svæði nr 7, aðrir laxar lágu ofar. Annar þessara laxa sneri síðar við og gekk niður Árbæjarfossinn, en hinn fannst ofan svæðis nr. 7 í næsta flugi og endaði göngu sína neðan Höfðalækjartjarnar. Þetta bendir til þess að laxar, upprunnir úr sleppingum ofan svæðis nr. 7 stoppi í litlum mæli á svæðinu og í stuttan tíma. Það liggur því beint við að álykta sem svo að lax sem var viðvarandi á svæðinu á veiðitímanum, sé upprunnin úr tjörnum við Guttlfoss og Geldingalæk. Árið 2003 var sleppt þar samtals um 40 þús. seiðum.

Eitt af markmiðum Veiðifélags Ytri-Rangár síðustu árin hefur verið að virkja möguleika á aukinni verðmætasköpun á efri svæðunum sem til þessa hafa ekki skilað miklum arði af veiðileyfasölu. Meðal þess sem veiðifélagið hefur staðið fyrir er frekari uppbygging fiskstigans við Árbæjarfoss. Sú framkvæmd er til þess fallinn að greiða fyrir laxgengd á efri svæðin og er nauðsynlegur liður í að markmiðum sé náð. Á síðasta sumri var metgengd um stigann, þegar samkvæmt teljara, gengu 1.141 laxar upp, sem eru rúmlega fjórðungur (27%) þeirra laxa sem gekk upp teljarann við Ægisíðufoss (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Á hinn bóginn er að líta að einungis 113 (9,9%) laxanna, sem vitað er að gengu um Árbæjarfoss-stigann veiddust, skv veiðibók. Þessar veiðitölur benda til þess að veiðiálag á svæðinu ofan Árbæjarfoss sé mjög lágt. Merkingarnar frá í sumar benda hins vegar til þess að veiðiálag neðan við Árbæjarfoss sé um 57 %. Mögulegar skýringar á þessu lága veiðiálagi ofan við Árbæjarfoss eru nokkrar og verður hér fjallað um nokkrar þeirra. Talað hefur verið um að vegna þess hversu vatnasvæðið sé stórt ofan fossa, dreifi laxinn sér mikið og verði því lítið af honum á hverjum stað hverju sinni. Þessi útskýring passar ekki við niðurstöður þessarar rannsóknar, en þær benda til þess að laxinn dreifist ekki jafnt á allt vatnasvæðið heldur gangi hann í litlum mæli upp fyrir Höfðalækjar-sleppitjörn og velji sér sömu legustaðina eftir aðstæðum. Vatnshitastigull lindárinnar, þar sem vatn er kaldara nær upptökum, kann að leiða til þess að laxinn taki verr ofar í ánni en neðar þar sem vatn er hlýrra. Hitamæligögn (Veiðimálastofnun óbirt gögn) benda hins vegar til að vatnshiti á neðri hluta svæðisins (svæði 7-10) ætti ekki að vera takmarkandi þáttur. Nefnt hefur verið að sá hængur sé á veiðisvæðinu ofan fossa, að veiðitíminn þar sé raunverulega mun styttri þar sem laxinn gangi seint upp fyrir. Þegar gögn úr teljurum sem eru við Ægisíðufoss og Árbæjarfoss fyrir árið 2004 eru borin saman

sést að laxinn gengur seinna upp fyrir efri fossinn (mynd 7). Gangan upp fossana hefst á svipuðum tíma en 25% göngunnar er gengin upp Ægissíðufoss þann 27. júlí en 11. ágúst upp Árbæjarfoss og 50% göngunnar, annars vegar 8. ágúst og hins vegar 31. ágúst (Veiðimálastofnun óbirt gögn). Þarna er vissulega nokkur munur sem takmarkar veiðitímann á efri svæðum, en engu að síður ætti að vera raunhæft að hefja sölu veiðileyfa þar í upphafi ágústmánaðar hvers árs.



Mynd 7. Uppsöfnuð laxgengd upp teljara í Ægissíðufossi og Árbæjarfossi árið 2004.

Líklegasta skýringin á lítilli veiði ofan fossa til þessa er lítil ástundun stangveiða á svæðinu, en með aukinni sókn mætti að öllum líkindum auka afla til muna. Til þess að fá fleiri veiðimenn til að kaupa veiðileyfi þarf að endurskipuleggja markaðssetningu efri svæðanna. Það þarf að gera veiðisvæðin aðgengilegri og meira aðlaðandi jafnframt því að bæta aðstöðu veiðimanna. Huga má að því hvort aðskilnaður á sölu veiðileyfa ofan og neðan fossa væri skref í rétta átt, þannig næðist meiri einbeiting í sölu stangveiðileyfa á efri svæðin. Með uppsetningu veiðihúss (eða veiðihúsa), sem þjónað gæti svæðum nr. 7-10, ykist án efa eftirspurn. En það hefur margsannað sig að aðgangur að vel búnu veiðihúsi eykur eftirspurn eftir stangveiðileyfum, aflinn er ekki endilega aðalatriðið. Skipuleggja þarf og kortleggja aðgengi veiðimanna að veiðisvæðum, lagfæra og leggja vegaslóða eftir atvikum.

Mjög gagnlegt væri að endurtaka þessa rannsókn á næsta ári. Til að reyna að koma í veg fyrir að fiskur fari niður eftir merkingu, væri ráð að flytja þá ofar og hafa í aðlögun um tíma áður en þeim yrði sleppt aftur. Þá er orðið tímabært að gera könnun

á seiðabúskap árinna en síðast var hann kannaður árið 1998 (Magnús Jóhannsson 1999). Með því móti sæist m.a. hvort árangur hafi orðið af hrygningu þeirra laxa sem gengu á svæðið ofan við Árbæjarfoss.

Þakkir

Þorfinni Snorrasyni flugmanni er þakkað frábært starf. Mikil reynsla og ágæt þekking hans á staðhættum kom oft í góðar þarfir í leitarflugi. Stjórn veiðifélags Ytri-Rangár og starfsmönnum þess er þökkun góð samvinna við framkvæmd verkefnisins.

Heimildir

Magnús Jóhannsson, 1999. Mat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár – Hólsár. Veiðimálastofnun VMST-S/99001X: 32 bls.

Magnús Jóhannsson, Árni Ísaksson, Þröstur Elliðason og Sumarliði Óskarsson, 1996. Maintenance of Angling in the Rangá river in Southern Iceland. ICES. C. M. 1996/M:6 : 14 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2002. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2002, Veiðimálastofnu VMST-S/02009: 30 bls.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2004. Gönguhegðun laxa á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár á árunum 2000 – 2002. Veiðimálastofnun, VMST-S/04002: bls

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Guðni Guðbergsson, 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2003. Veiðimálastofnun, VMST-S/04003: 50 bls.

Ljósmyndir



Ljósmynd 1. Flogið yfir Rangá við ós Víkingslækjar, Selgil í baksýn. Loftnet til að nema sendingar útvarpsmerkja var fest á vængstífu flugvélarinnar.



Ljósmynd 2. Sleppitjörn ofan Húsagarðs, við Hólma, sem starfrækt var vorið 2004.



Ljósmynd 3. Horft niður Rangá frá Geldingalæk. Á myndinni má sjá sleppitjarnir (örvar) við Geldingalækjarós og neðar sést glitta í sleppitjörn við Guttlfoss á vinstri bakka.



Ljósmynd 4. Horft niður eftir ánni. Framundan gefur að líta Eystri-Ey (t.v.) og Ytri-Ey, þar voru mörk leitarsvæða nr. 8 og 9.



Ljósmynd 5. Horft niður Ytri-Rangá. Flúðina Hávaða, Viðarhólma og heimatún Geldingalækjar ber við augu. Hvítir hringir tákna staðsetningu laxa. Lax nr. 0464 lá ofan Viðarhólma 11. ágúst. Laxar nr. 0563 (þann 5.ágúst-handleit) og nr. 0302 (þann 3. ágúst) lágu neðar.



Ljósmynd 6. Flogið hjá Réttarnesi. Efsta staðarákvörðun verkefnisins var framkvæmd rétt ofar (t.h.), en það var lax nr. 0302 þann 11. ágúst.



Ljósmynd 7. Horft niður Árgilsgljúfur. Neðst beygir áin til vinstri fram hjá Réttarnesi.

